

9. Frá Velferðarráðuneytinu - áform um sameiningu heilbrigðisstofnana:

Fyrir sveitarstjórn liggur erindi frá Velferðarráðuneytinu um áform um sameiningu heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma. Ráðuneytið óskar eftir viðbrögðum sveitarfélagsins við fyrirhuguðum áformum.

Með lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og reglugerð heilbrigðisumdæma nr. 785/2007 var landinu skipt í sjö heilbrigðisumdæmi. Samkvæmt 5. gr. laganna getur ráðherra, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga, ákveðið að sameina heilbrigðisstofnanir innan heilbrigðisumdæmis með reglugerð.

Allt frá gildistöku laganna hefur verið stefnt að því að innan hvers heilbrigðisumdæmis verði ein heilbrigðisstofnun sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu er talið að meginávinningurinn af sameiningu heilbrigðisstofnana sé styrkari stjórn og aukid sjálfstæði heilbrigðisstofnana, hagkvæmni og betri, öruggari og sveigjanlegri þjónusta við íbúana. Eigi það ekki síst við í jaðarbyggðum þar sem heilsugæslustöðvar og sjúkrahús verða hluti af heilbrigðisstofnun umdæmisins, sem ber þá ábyrgð á að tryggja fullnægjandi þjónustu fyrir íbúana.

Nái fyrrgreindar áætlanir fram að ganga munu heilbrigðisstofnanir á Blönduósi, Sauðárkróki, Fjallabyggð, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga ásamt heilsugæslustöðvum á Dalvík og Akureyri verða sameinaðar í eina stofnun.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar leggst alfarið gegn boðaðri sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi. Sveitarstjórn undrast að Velferðarráðuneytið telji að svo viðamikil sameining heilbrigðisstofnana frá Blönduósi í vestri til Þórshafnar í austri hafi einhvern ávinning í för með sér. Ekki hefur verið sýnt fram á að nefnd sameining skili sér í betri þjónustu við íbúa jaðarbyggða né að þjónustan verði sveigjanlegri með því að færa stjórnunina fjær notendum. Gera verður þá kröfu að Velferðarráðuneytið sýni fram á eða komi með dæmi um hvaða þjónusta batni, hvar verði um aukid öryggi sjúklinga að ræða og ekki síst hver verði hinn fjárhagslegi ávinningur, áður en af stað verður farið.

10. Fjárlaganefnd Alþingis – boð um fund með nefndinni:

Tekið fyrir fundarboð frá fjárlaganefnd Alþingis þar sem nefndin býður fulltrúum sveitarfélaga, dagana 28., 29., 30., október og 1. nóvember n.k., til viðtals um fjármál sveitarfélaga í tengslum við vinnu nefndarinnar vegna fjárlagafrumvarps 2014. Óskað er eftir því að sveitarfélög leggi áherslu á málefni sem varða fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga.

Sveitarstjóri hefur þegar óskað eftir fundi þann 30. október. Samþykkt að sveitarstjóri, oddviti og/eða varaoddviti fari á fundinn.

11. Dómar Hæstaréttar nr. 411/2012 – Íslenska ríkið gegn Þingeyjarsveit, eignaréttur:

Þann 26. september s.l. féll hæstaréttardómur í máli íslenska ríkisins gegn Þingeyjarsveit, þar sem ríkið krafðist þess að úrskurður óbyggðanefndar 6. júní 2008 í máli nr. 3/2007 yrði felldur úr gildi að því er varðar mörk þjóðlendu og eignarlanda jarðanna Sörlastaða og Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka auk ákvæða um að landsvæðin Mjóidalur og Bleiksmýradalur austan Fnjóskár sér eignarlönd utan þjóðlendna. Ríkið

krafðist þess einnig að viðurkennt yrði að land vestan og sunnan eftirfarandi marka sé þjóðlenda: Frá botni Mjóadals fylgi mörkin Mjóadalsá og mótum hennar að upptökum Timburvalladalsár og þaðan í norðvestur í austasta drag Austurkróksár, sem verði svo fylgt í sömu átt í Hjaltadalsá, en frá þeim ármótum fari mörkin áfram í beinni línu að Hamarslækjargili, sem ráði vestur í Fnjóská.

Niðurstaða Hæstaréttar er eftirfarandi:

„Úrskurður óbyggðanefndar 6. júní 2008 í máli nr. 3/2007 er felldur úr gildi að því er varðar mörk eignarlanda Mjóadals, Sörlastaða og Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka í Þingeyjarsveit og þjóðlendu, svo og ákvæði hans um að l andsvæðið Bleiksmýradalur austan Fnjóskár teljist ekki þjóðlenda. Mörkum eignarlanda og þjóðlendu er að þessu leyti breytt þannig að þau liggja sem hér segir: Frá mótum Tungufellsár og Mosakvíslar fara þau eftir fyrrnefndu ánni til suðvesturs að Þvergili, sem ræður svo mörkum að innstu drögum þess, þaðan fara þau eftir beinni línu norður til upptaka Syðri-Bótarár og síðan eftir beinni línu þaðan til suðvesturs í upptök Timburvalladalsár, þaðan fara þau í suðvestur eftir beinni línu, sem liggur meðfram syðstu drögum Vestur Króka í Hjaltadal, allt þar til hún kemur að vatnaskilum á fjallendi milli Hjaltadals og Bleiksmýradals, en þar á eftir fylgja mörkin vatnaskilunum norður til Hamarslækjargils, þaðan fara þau um það gil vestur í Fnjóská, sem ræður loks mörkum suður að gili, sem liggur við sunnanverða Einstökutorfu. Land, sem samkvæmt þessu fellur undir þjóðlendu, er í afrettareign jarða í fyrrum Bárðdæla- og Ljósavatnshreppum“.

Sveitarstjóra falið að boða lögfræðing sveitarfélagsins í þessu máli á fund til þess að fara yfir niðurstöðu dómsins.

12. Dómur Hæstaréttar nr. 547/2012 – Eigendur jarðarinnar Reykjahlíðar gegn Þingeyjarsveit og Norðurþingi og Þingeyjarsveit gegn Norðurþingi, landamerki:

Þann 26. september s.l. féll hæstaréttardómur í máli eigenda Reykjahlíðar gegn Þingeyjarsveit og Norðurþingi og Þingeyjarsveitar gegn Norðurþingi þar sem aðilar deildu um landamerki jarðanna Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi, Þeistareykja í Þingeyjarsveit og Áss og Svinadals í Norðurþingi á þríhyrnu landsvæði sunnan og suðaustan Hituhóla, sem markaðist af línu sem dregin var úr Eilífshnjúki í hornmark skammt norðan Éthóls, þaðan í vörðu norðan Hituhóla og úr vörðunni beina línu í Eilífshnjúk um hnitapunkt sem eigendur Reykjahlíðar töldu vera Gangnamannaskarð í Hrutafjöllum. Töldu landeigendur Reykjahlíðar að allt hið þríhyrnda landsvæði tilheyrði jörðinni Reykjahlíð, Þingeyjarsveit taldi allt landsvæðið tilheyra jörðinni Þeistareykjum, en Norðurþing taldi hluta svæðisins tilheyra jörðunum Ási og Svinadal. Niðurstaða Hæstaréttar var eftirfarandi:

„Viðurkennt er að landamerki Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi gagnvart Þeistareykjum í Þingeyjarsveit liggja úr þeim stað í Gæsadalismó þar sem Bóndhóll er genginn í hásuður og Eilífshnjúk ber rétt norðan undan Gæsafjöllum í punkti (P6), hnit A592999 N589908, til austurs í merkjahorn skammt norðan Éthóls í punkti (P5), hnit A600885 N590719, og þaðan til norðurs á

stað skammt sunnan Hituhóla í punkti (PB), hnit A600898 N592552, þar sem er

hornmark. Viðurkennt er að merki Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi gagnvart Ási og Svínadal í Norðurþingi liggja til norðvesturs úr Eilífshnjúki í punkti (P2), hnit A608870 N591490, í Gangnamannaskarð hið syðra í Hrutafjöllum í punkti (PA), hnit A603862 N592465, og þaðan til vesturs á stað sunnan Hituhóla í punkti (PB), hnit A600898 N592552, þar sem er fyrrnefnt hornmark“.

Sveitarstjóra falið að boða lögfræðing sveitarfélagsins í þessu máli á fund til þess að fara yfir niðurstöðu dómsins.

Til kynningar:

Fundargerðir 153., 154., 155. og 156. fundar stjórnar HNE ásamt fjárhagsáætlun 2014:

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 17.07.2013:

Fundargerð samráðshóps aðildarsveitarfélaga Sorpsamlags

Þingeyinga ehf. frá 30.09.2013:

Bréf Matvælastofnunar – bólusetning við garnaveiki í

Skjálíðahólfi:

Umhverfisþing 2013:

Jafnréttisþing 2013:

Skriðuföll í Kinnarfelli í Kaldakinn, vorið 2013 – minnisblað:

Ályktanir Eyþings 2013:

Fleira ekki gert og fundi slitið 18:05

Ólína Arnkelsdóttir
Margrét Bjarnadóttir
Friðrika Sigurgeirsdóttir
Árni Pétur Hilmarsson

Arnór Benónýsson
Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Ásta Svavarsdóttir

HAUSTFUNDUR H.M.H. OG G.F.M.

verður haldinn á Fosshóli mánudagskvöldið 4. nóv.
kl. 20.00. Mætum sem flest og eigum saman notalega
kvöldstund.



Gestur fundarins verður Dagbjört
Jónsdóttir sveitarstjóri.

Stjórnir H.M.H. og G.F.M.

fundarins undir þessum lið og gerði grein fyrir helstu áherslum og forsendum varðandi áætlun 2014. Vinna við fjárhagsáætlun mun standa yfir næstu vikurnar og endanleg fjárhagsáætlun um öðlast gildi í síðasta lagi 15. desember n.k. að fengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn.

3. Fundargerð Fræðslunefndar frá 07.10.2013:

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 7. október s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir alla liði fundargerðarinnar.

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 17.10.2013:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 17. október s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir alla liði fundargerðarinnar.

5. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 22.10.2013:

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 22. október s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir alla liði fundargerðarinnar.

6. HSP – samningur og fundarboð:

Fyrir fundinum liggja drög að samningi milli Þingeyjarsveitar og Héraðssambands Þingeyinga (HSP), varðandi framlag sveitarfélagsins til reksturs HSP 2014 og 2015 ásamt fundarboði til þess að ræða fyrrgreindan samning.

Samþykkt að þiggja fundarboð Héraðssambands Þingeyinga til þess að ræða nýjan samning milli HSP og sveitarfélagsins. Sveitarstjóri og formaður Félags- og menningarmálanefndar munu sitji fundinn.

7. Umhverfisstofnun – fundarboð vegna Gjástykkis:

Lagt fram fundarboð frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir fundi með forsvarsmönnum sveitarfélagsins vegna Gjástykkis. Umhverfisstofnun hefur verið falið lögbundið verkefni sem miðar að því að vinna að undirbúningi og athugun á áhuga sveitarfélagsins á því að fríðlýsa tiltekið svæði sem afmarkast af mögulegu orkunýtingarsvæði í Gjástykki. Um er að ræða feril í samræmi við fyrirbyggjandi rammaáætlun.

Samþykkt að þiggja fundarboð Umhverfisstofnunar og að sveitarstjóri, skipulags- og byggingarfulltrúi og formaður Skipulags- og umhverfisnefndar sitji fundinn.

8. Landsbyggðin lifir – styrkbeiðni:

Lögð fram styrkbeiðni vegna starfsemi samtakanna Landsbyggðin lifi. Óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 100.000 til að sinna grunnstarfi samtakanna, en markmið þeirra er að vera samstarfsvettvangur fyrir félög, áhugamannahópa og einstaklinga sem hafa það að markmiði að styrkja sína heimabyggð og byggð í landinu.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 133. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 24. október 2013 kl. 14:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 og árin 2015-2017
3. Fundargerð Fræðslunefndar frá 07.10.2013:
4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 17.10.2013:
5. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 22.10.2013:
6. HSP – samningur og fundarboð:
7. Umhverfisstofnun – fundarboð vegna Gjástykkis:
8. Landsbyggðin lifir – styrkbeiðni:
9. Frá Velferðarráðuneytinu - áform um sameiningu heilbrigðisstofnana:
10. Fjárlaganefnd Alþingis – boð um fund með nefndinni:
11. Dómar Hæstaréttar nr. 411/2012 – Íslenska ríkið gegn Þingeyjarsveit, eignaréttur:
12. Dómur Hæstaréttar nr. 547/2012 – Eigendur jarðarinnar Reykjahlíðar gegn Þingeyjarsveit og Norðurþingi og Þingeyjarsveit gegn Norðurþingi, landamerki:

Til kynningar:

- a. Fundargerðir 153., 154., 155. og 156. fundar stjórnar HNE ásamt fjárhagsáætlun 2014:
- b. Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 17.07.2013:
- c. Fundargerð samráðshóps aðildarsveitarfélaga Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 30.09.2013:
- d. Bréf Matvælastofnunar – bólusetning við garnaveiki í Skjálfandahólfi:
- e. Umhverfisþing 2013:
- f. Jafnréttisþing 2013:
- g. Skriðuföll í Kinnarfelli í Kaldakinn, vorið 2013 – minnisblað:
- h. Ályktanir Eyþings 2013:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund.

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 og árin 2015-2017:

Fyrir sveitarstjórn liggur fjárhagsáætlun samstæðu Þingeyjarsveitar fyrir árið 2014 og næstu þrjú ár þar á eftir, 2015-2017. Fjármálastjóri mætti til

Leiklistarnámskeið



Leiklistarnámskeið fyrir 15 ára og eldri, verður haldið á vegum Ungmennafélagsins Eflingar í nóvember, á mánudags-, miðvikudags og fimmtudagskvöldum frá kl. 20:00-22:00. Námskeiðið hefst 4. nóvember og stendur til 21. nóvember auk þess sem gert er ráð fyrir smásýningu eftir námskeiðið laugardaginn 23. nóvember.

Kennari á námskeiðinu er Jenný Lára Arnórsdóttir. Námskeiðið er öllum opið og er þátttökugjald kr. 2000 fyrir Eflingarfélag og kr. 3000 fyrir aðra. Viljum hvetja alla sem áhuga hafa á að mæta og taka þátt, námskeiðið er einnig hugsað sem góður grunnur fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt í uppsetningu Eflingar eftir áramót.

Leiknefnd Eflingar.

Félagsvist – Ýdalir.



Nú ætlum við að spila félagsvist þrjú næstu þriðjudagskvöld, 5. nóvember, 12. nóvember og 19. nóvember að Ýdölum klukkan 20.

Mætum hress og höfum gaman af.

Allir velkomnir.

Diddólína.

Allra sálna messa



Sameiginleg messa allra sókna Grenjaðarstaðarprestakalls verður á Þóroddsstað næstkomandi sunnudag, 3. nóvember klukkan 14:00. Minnst verður þeirra sem látist hafa í prestakallinu á síðustu tveimur árum. Að messu lokinni verður kirkjugestum boðið að taka með sér kerti til að tendra á leiði. Allir velkomnir. Séra Þorgrimur.

Tapaz kvöld á Sel – Hótel Mývatni

Laugardaginn 2. nóvember kl. 19:30 verður fjölrétta og spennandi Tapaz smárétta kvöldverður reiddur fram að hætti hússins. (matseðilinn er hægt að finna á www.myvatn.is)

Guðni Braga og Hjalli Ingimars spila undir borðhaldi og svo fram í nóttina.

Verð kr. 5.900,- **pr. mann** og tilboð fyrir hópa

Pantanir í síma 464-4164 og myvatn@myvatn.is

Minum einnig á að Kaffi Sel & minjagripaterían er opin alla daga frá 09-18 – heitt á könnunni, pylsa í pottinum, ilmandi súpa og borgari á grillinu.



43.tbl.
31. október
2013
20. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Fræðsluerindi um íslenska refinn í Gjúfrastofu, Ásbyrgi 31. október

Fimmtudaginn þann 31. október mun Ester Rut Unnsteinsdóttir framkvæmdastjóri Melrakkaseturs Íslands og spendýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands halda fyrirlestur um íslenska refinn í Gjúfrastofu, Ásbyrgi.



Dagskrá

20:00 - Fræðsluerindi: *Hver er þessi Melrakki?*

20:40 - Spurningar og umræður

20:50 - Kaffihlé

21:05 - Fræðsluerindi: *Merkilegir melrakkar, veiðar og vísindi*

21:45 - Spurningar og umræður

22:00 - Dagskrárlök

Heitt verður á könnunni og allir velkomnir!

Kyrrðarstund í Lundarbrekkukirkju



Kyrrðarstund verður í Lundarbrekkukirkju sunnudagskvöldið 3. nóvember kl. 20.30.

Sr. Bolli flytur orð og bænir. Í kirkjunni er gott að draga andann í Jesú nafni. Verið öll hjartanlega velkomin!